

5. fundur fræðslunefndar ársins 2011 vegna Undralands, haldinn 30. ágúst 2011 í leikskólanum, kl. 16:00. 8. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Þór Jóhannesson, Halldóra Halldórsdóttir leikskólastjóri, Hanna Björk Grétarsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Ragnheiður Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

1. Skýrsla leikskólastjóra.
2. Rekstur (tölur úr aðalbók).
3. Stefnunótun – skólastefna. Upprifjun og næstu skref.
4. Mönnun og verkaskipting stjórnenda í leik og grunnskóla.
5. Umsókn um undanþágu vegna vistunar.
6. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla leikskólastjóra.

- Við hófum störf aftur eftir sumarfrí þann 10. ágúst og börnin mættu svo kát og glöð eftir sumarfríið 11. ágúst. Það er alltaf jafn gaman að sjá þroskastökkið sem börnin taka í sumarfríinu.
- Á skipulagsdeginum voru settar upp línurnar fyrir komandi skólaár, starfsmenn unnu starfsáætlanir fyrir sína deild, skiptu börnum í hópa og settu upp dagskipulag. Börnunum voru valin hólf og deildirnar gerðar kósí á ný.
- Árlegar rifs- og sólberja ferðir voru farnar í síðustu viku. Börnin á Skógarkoti fóru að Seli og tíndu á golfvöllinum, börnin á Heiðarkoti fóru til Ellu og Júlía og tíndu í garðinum þeirra og börnin á Móakoti fóru í garðinn til Önnu og Helga að tína. Öll fengu hressingu hjá gestgjöfum en Eydís sá um hressinguna hjá Ellu og Júlía þar sem þau voru erlendis. Úr berjunum var svo soðin sulta og öll börn fóru svo stolt heim með sultu í krukku.
- Við erum farin að undirbúa réttirnar með umræðum og verkefnum, sauðkindin verður í aðalhlutverki hjá okkur í september, bæði í hópastarfi og umræðum.
- 1.bekkur kemur í september að taka upp kartöflurnar og vonumst við eftir góðri uppskeru.
- Við tökum þátt í uppskeruhátíðinni í ár og hafa börnin verið að vinna listaverk er tengjast grænmeti og blómum sem verða til sýnis í félagsheimilinu á uppskeruhátíðinni.
- Í vetur ætlum við að kalla til okkar foreldra barna af erlendum uppruna á þjóðhátíðardegi upprunalandsins og segja okkur frá landinu, sýna okkur myndir, lesa sögu og jafnvel syngja. Nína kom og sagði okkur frá Úkraínu á þjóðhátíðardegi þeirra 24. ágúst. Hún sýndi okkur myndir frá heimabæ sínum, hún kom líka með dúkkur í þjóðbúningum. Síðan kenndi hún okkur nokkur orð á úkraínsku og við hlustuðum á þjóðsönginn þeirra. Þetta var skemmtileg og fróðleg heimsókn og börnin voru full áhuga um landið og þá sérstaklega tungumálið.
- Áætlað er að fara í haustferð í Tungufellsdal og eyða hluta úr degi þar í berjatínslu, leik og námi. Foreldrafélagið ætlar að útvega rútu og verður foreldrum boðið að koma með. Við veljum okkur dag eftir veðurspá og njótum tilverunnar í guðsgrænni náttúrunni.
- Breytingar verða á foreldrasamtölum í vetur. Foreldrasamtölin fóru fram í einni viku að hausti og síðan að vori. Okkur fannst mikið álag á deildarstjórnara að taka viðtölin öll í einu og hópastarf lá niðri þessar vikur. Nú ætlum við að kalla foreldra í samtöl í afmælimánuði barnsins og hálfu ári fyrr eða seinna, þetta fyrirkomulag hefur væntanlega ekki eins mikil áhrif á starfið inni á deild og deildarstjóri nýtir undirbúning sinn til viðtala.
- Áhættumat og aðgerðaráætlun var tilbúin í vor og er aðgengileg öllu starfsfólki.
- Starfsmannabreytingar urðu strax í upphafi þar sem að Steinunn Ingibjörg sagði starfi sínu lausu. Sú staða leystist innanhúss. Það er mikill missir af Steinunni og er leikskólinn Kvistaborg heppinn að fá hana til starfa.

- Leikskólastjóri hefur hafið framhaldsnám við Háskóla Íslands á uppeldis- og menntavísindadeild í leiðtogi, nýsköpun og stjórnun. Líklegt er að hann verði frá í 5-10 daga á önn.
- Starfsfólk leikskólans Nóa borg kemur nú á föstudaginn í heimsókn til okkar, ætla að skoða sig um í leikskólanum og fá fræðslu um útikennsluna og líklegast förum við og sínum þeim hverinn og skóginn.

2. Rekstur (tölur úr aðalbók)

Farið var yfir rekstrartölur leikskólans. Ljóst er að launaliðurinn kemur ekki til með að standast upphaflega áætlun. Aðrir liðir eru á áætlun.

3. Stefnumótun – skólastefna. Upprifjun og næstu skref.

Formaður fór yfir stöðu mála, m.a. varðandi fyrirhugað skólaþing. Hugmyndin er að þingið verði haldið í nóvember. Samþykkt að Undraland tilnefni fulltrúa í undirbúningshópinn.

4. Mönnun og verkaskipting stjórnenda í leik- og grunnskóla.

Ráða þarf nýjan leikskólastjóra nú fyrir næstu áramót. Slíkar breytingar opna möguleika á skipulagsbreytingum innan stofnunarinnar. Því leggur formaður það til að fenginn verði óháður aðili til að gera úttekt á mönnun og verkaskiptingu stjórnenda. Lagt er til að formanni fræðslunefndar ásamt sveitarstjóra verði falið að finna aðila til að gera slíka úttekt. Málið rætt. Samþykkt að úttekt fari fram. Unnsteinn víkur sæti við afgreiðslu þessa máls.

5. Umsókn um undanþágu vegna vistunar.

Formaður lagði fram beiðni frá foreldrum þar sem óskað er eftir undanþágu vegna vistunar barns. Í bréfinu er farið fram á að barnið saki leikskólann þrjá daga í viku. Samkvæmt dvalarsamningi leikskólans er lágmarksvistun 4 dagar í minnst 9 mánuði á ári. Rökin fyrir lágmarksvistuninni er m.a. stöðugra mannhald og samfella í skólastarfi. Ekki er að finna undanþáguákvæði frá þessu í vistunarreglum leikskólans. Fræðslunefnd hafnar því umsókninni.

6. Önnur mál.

- Fundartími nefndarinnar.** Samþykkt að fundir verði haldnir að jafnaði síðasta mánudag í hverjum mánuði, kl. 16.00.
- Starfsáætlun Undralands 2011-2012.** Leikskólastjóri lagði fram til kynningar starfsáætlun leikskólans fyrir starfsárið. Afgreiðsla áætlunarinnar fer fram á næsta fundi.
- Ársskýrsla Undralands 2010-2011.** Leikskólastjóri lagði fram til kynningar ársskýrslu leikskólans fyrir liðið starfsár. Afgreiðsla skýrslunnar fer fram á næsta fundi.
- Mánaðarskipulag leikskólans.** Leikskólastjóri kynnti dæmi um hvernig mánaðarskipulag fyrir starfsfólk leikskólans lítur út.

Fleira var ekki gert.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17.00.